

Gagnstefnda, Sigrún Ámundadóttir, greiði gagnstefnendum, Hjalta Njálssyni og Valdísi Valdimarsdóttur, kr. 17.778,90 með 31% ársvöxtum frá 11. maí 1980 til 1. júní 1980, 35% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1981, 34% ársvöxtum frá þeim degi til 15. desember 1981, 39% ársvöxtum frá þeim degi til 1. nóvember 1982, 47% ársvöxtum frá þeim degi til uppsögu dóms þessa og síðan með hæstu innlánsvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og í málskostnað kr. 7.000,00.

Aðfararfrestur í báðum sökum er 15 dagar frá lögbirtingu dómsins að telja að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 29. mars 1985.

Nr. 216/1984. **Ákærvaldið**

(Þórður Björnsson ríkissaksóknari)

gegn

Þorsteini Joensen

(Jón Oddsson hrl.)

Skjalafals. Tékkar. Ákvæði um dráttarvexti af fébótakröfum ómerkt og dráttarvaxtakröfum vísað frá héraðsdómi.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Guðmundur Jónsson, Guðmundur Skaftason og Sigurgeir Jónsson og Sigurður Líndal prófessor.

Héraðsdómi var skotið til Hæstaréttar að því er dómþola Þorstein Joensen varðar að kröfu hans með áfrýjunarstefnu 20. september 1984. Af ákærvalds hálfu er þess krafist, að refsing ákærða verði þyngd, en staðfest verði sakarmat héraðsdóms, þar á meðal um ákærulið V, 11 og VII, 1, en af þeim var ákærði sýknaður í héraði. Koma þau tvö atriði því eigi til úrlausnar Hæstaréttar.

Ágrip barst Hæstarétti 4. janúar 1985.

Þrátt fyrir yfirlýsingu skipaðs verjanda ákærða við flutning málsvarnar fyrir Hæstarétti um, að unað sé við sakarmat héraðsdóms um öll ákæruatriði, þykir óhjákvæmilegt að taka sérstaklega af-

stöðu til þeirra ákæruatriða, sem ákærði hélt sjálfur fram fyrir héraðsdómi, að honum væru ósaknæm.

Ákæruliður II, 1. Svo sem í héraðsdómi greinir, neitaði ákærði að hafa notað þennan tékka og ekki hafi hann notið ávinnings af honum. Hann kveður bróður sinn hafa notað tékkann og eytt ávinningi brotsins að fullu sjálfur. Ákærði viðurkenndi að hafa bedið stúlku að útfylla tékkann.

Ákæruliður II, 2. Ákærði kvaðst hafa hvatt stúlku til þess að útfylla tékkann, verið viðstaddur, þegar það var gert, og sjálfur ritað tölustafi á hann, en neitar því að hafa notað hann eða notið ávinnings af broti.

Ákæruliður III, 1. Svo sem í héraðsdómi greinir, játaði ákærði, að hann hefði ritað á framhlið tékkans, kvaðst eigi vita, hver ritaði á bakhlið hans né heldur til hvers tékki þessi var notaður eða af hverjum.

Ákæruliður V, 10. Ákærði viðurkenndi að hafa falsað tékkann, en kvaðst ekki vita um framsal hans og ekki kannast við rithöndina aftan á tékkanum. Hann kvaðst ekki hafa notið ágóða af sölu hans.

Um alla framangreinda ákæruliði er það að segja, að falsanir eru framkvæmdar sem hluti af brotahrinu ákærða og nokkurra félaga hans í mars og apríl 1981. Ákærði hefur viðurkennt að hafa ýmist sjálfur framkvæmt falsanirnar eða fengið aðra til þess. Tilgangur hans með fölsunum þessum hlaut að vera sá, að tékkarnir yrðu notaðir og þó eigi sé fullljóst, hver eða hverjir veittu atbeina sinn til fullframningar brotanna, þykir ekki varhugavert, svo sem mál þetta horfir við, að sakfella ákærða fyrir brot þau, sem í þessum ákæruliðum greinir.

Ákæruliður VI, 5: Í framburði sínum hjá rannsóknarlögreglu kvað ákærði stúlku nokkra án hvatningar frá sér hafa falsað tékkann og viti hann ekki, hver falsaði framsal og seldi tékkann. Í saka-dómi er síðar bókað eftir ákærða, að hann hafi fengið stúlku til þess að falsa tékkann og hann svo verið notaður í Matstofu Austurbæjar. Samkvæmt þessum framburði ákærða þykir verða að líta svo á, að hann hafi tekið þátt í því að nota tékkann í Matstofu Austurbæjar. Ber því einnig að sakfella hann fyrir brot það, sem í þessum ákæruliðum greinir.

Með framangreindum athugasemdum um þar greinda ákæruliði

og að öðru leyti með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms þykir mega staðfesta sakarmat hans. Brot ákærða eru í héraðsdómi réttilega heimfærð undir 1. mgr. 155. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Staðfesta ber ákvæði héraðsdóms um ákvörðun refsingar í einu lagi samkv. 60. gr. almennra hegningarlaga fyrir brot, sem dæmt var í sakadómi Reykjavíkur 11. apríl 1983, og brot þau, sem fjallað er um í þessu máli. Ber að ákveða refsingu með hliðsjón af reglum 77. gr. og 78. gr. almennra hegningarlaga.

Fangelsisrefsing ákærða þykir hæfilega ákveðin í héraðsdómi. Ber því að staðfesta refsíákvæði héraðsdóms að öðru leyti en því, að ekki þykja efni til að dæma sektarrefsingu með fangelsisrefsingu í máli þessu. Staðfesta ber ákvæði héraðsdóms um frádrátt gæsluvarðhaldsvistar og skilorð.

Þeir bótakrefjendur, sem krafist hafa dráttarvaxta af fébótakröfum sínum, hafa krafist þeirra frá tilteknum dögum, en að öðru leyti ótiltekið. Héraðsdómari hefur ekki leiðbeint þeim um kröfugerð að þessu leyti og hvorki borið hana sérstaklega undir ákærða né dæmt í dómi sínum, hvaða dráttarvexti ákærði eigi að greiða af dæmdum skaðabótafjárhæðum. Eins og hér stendur á, þykir rétt að ómerkja vaxtaákvæði hins áfrýjaða dóms og vísa vaxtakröfum þessum frá sakadómi, en staðfesta ákvæði hans um skaðabætur að öðru leyti að því er tekur til ákærða Þorsteins Joensen.

Staðfesta ber ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað.

Dæma ber ákærða til að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 15.000,00 krónur og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti 15.000,00 krónur.

D ó m s o r ð:

Ákvæði héraðsdóms um fangelsisrefsingu ákærða, Þorsteins Joensen, frádrátt gæsluvarðhaldsvistar og skilorð skulu óröskuð.

Ákvæði hins áfrýjaða dóms um skaðabætur er staðfest að öðru leyti en því, að ákvæði dómsins um dráttarvexti af fébótakröfum á að vera ómerkt, og er dráttarvaxtakröfum vísað frá héraðsdómi.

Ákvæði sakadóms um sakarkostnað skal óraskað.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 15.000,00 krónur, og málsvarn-
arlaun skipaðs verjanda síns, Jóns Oddssonar hæstaréttarlög-
manns, 15.000,00 krónur.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 27. febrúar 1984.

Ár 1984, mánudaginn 27. febrúar, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Jóni Erlendssyni sakadómará, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 98-104/1984: Ákærvaldið gegn Þorsteini Joensen, RH, RS, F, Á, S og G, sem tekið er til dóms sama dag.

Málið er höfðað með ákæruskjali ríkissaksóknara, dagsettu 8. júní 1983, „fyrir sakadómi Reykjavíkur á hendur Þorsteini Joensen, Réttarholtsvegi 1, fæddum 13. apríl 1965 í Reykjavík, RH..., RS..., F..., Á..., S... og G..., öllum í Reykjavík, fyrir skjalfals þar í borginni, nema annars sé getið, árið 1981, svo að varðar við 1. mgr. 155. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940.

A. Á hendur ákærða Þorsteini með því að hafa notað eða afhent til notkunar í lögskiptum falsaða tékka á stolnum eyðublöðum, ýmist einn eða í félagi við aðra, þ.á m. meðákærðu, sem ákærði, meðákærðu eða aðrir höfðu ritað að hluta eða að öllu leyti, en tékkarnir voru allir stílaðir á handhafa, hljóðandi á reikningsnúmer, sem valin voru af handahófi, og útgefnir með nöfnum og framseldir með nöfnum, sem valin voru á sama hátt:

I.

Tékkar á eyðublöðum, merktum Verslunarbanka Íslands, dagsettir 26. mars 1981, nema annars sé getið, og notaðir í þeim mánuði:

1) Nr. 1418940, kr. 500.-, reikn. nr. 4232, með nafni Guðrúnar Sigurðardóttur og framsali Jóhanns Gunnarss., seldur í Kjörbúð S.S., Laugavegi 116.

2) Nr. 1418941, kr. 300.-, reikn. 3829, með nafni Sigrúnar Jónsdóttur og framsalinu Kristinn Jónsson (sic), seldur í Pylsuvagninum, Laugardal.

3) Nr. 1418943, kr. 300.-, reikn. nr. 4122, með nafni Einars Sigurðssonar (sic), og framsalinu Gunnar P. Enarsson (sic), seldur á sama stað.

4) Nr. 1418945, kr. 300.-, reikn. nr. 5287, með nafni Péturs Ragnarssonar og framsali Benjamíns Gunnars., seldur í Söluturninum Vesturgötu 53.

- 5) Nr. 1418946, kr. 300.-, reikn. nr. 1249, með nafni Ásgeirs Baldurssonar og framsali Péturs Þórðar., seldur Pylsuvagninum í Austurstræti.
- 6) Nr. 1418948, kr. 400.-, reikn. nr. 3821, dags. 27.3. 1981, með nafni Sigurðar Jónssonar og framsali Petru Sigursveinsdóttur, seldur í verslun S.S., Laugavegi 116.

II.

Tékkar á blöðum, merktum aðalbanka Búnaðarbanka Íslands, dagsettir 22. apríl 1981 og notaðir í þeim mánuði eins og rakið er:

- 1) Nr. 2969043, kr. 500.-, reikn. nr. 7460, með nafni Bergþóru Jónsdóttur og framsalinu Gvuðmundur (sic), seldur á veitingastofunni Aski, Suðurlandsbraut.
- 2) Nr. 2969044, kr. 500.-, reikn. nr. 6064, með nafni Guðlaugar Ásgeirsdóttur og framsalinu Gvuðmundur álfonsson (sic), seldur í Hummelbúðinni, Ármúla 38.
- 3) Nr. 2969045, kr. 600.-, reikn. nr. 8460, með nafni Sigþórs Halldórssonar og framsali Bjarkar Ásgeirsdóttur, seldur í Laugavegsbúðinni, Laugavegi 82.
- 4) Nr. 2969046, kr. 500.-, reikn. nr. 3846, með nafni Sigurðar Geirssonar og framsali Þorsteins Sigurðssonar, seldur í Sportvali, Laugavegi 116.
- 5) Nr. 2969048, kr. 400.-, reikn. nr. 3604, með nafni Sigurðar Jónssonar, seldur í Söluturninum, Síðumúla 17.
- 6) Nr. 2969050, kr. 500.-, reikn. nr. 3846, með nafni Bergþóru Karlsdóttur og framsali Birnu Geirsdóttur, seldur í Hverfiskjötbúðinni, Hverfisgötu 50.

III.

Tékkar á eyðublöðum, merktum Sparisjóði vélstjóra og notaðir í apríl-mánuði:

- 1) Nr. 1375455, kr. 500.-, reikn. nr. 4608, dags. 22.4. 1981, með nafni Guðmundar Ásgeirssonar, og framsalinu Ingólfur, seldur í söluturninum Sólvallagötu 74.
- 2) Nr. 1375458, kr. 500.-, reikn. nr. 2312, dags. 23.4. 1981, með nafni Ólafar Viggósdóttur og framsali Sigurðar Tómassonar, seldur í Matstofu Austurbæjar.
- 3) Nr. 1375463, kr. 300.-, reikn. nr. 3068, dags. 23.4. 1981, með nafni Sigurðar Garðarssonar og framseldur með nafni Árna Sigurðssonar, seldur á veitingastofunni Aski Við Suðurlandsbraut.
- 4) Nr. 1375469, kr. 500.-, reikn. nr. 3618, dags. 23.4. 1981, með nafni

Einars Gunnarssonar, framseldur með nafni Sigurðar Tómassonar, seldur í söluturninum, Barónsstíg 27.

5) Nr. 1375470, kr. 500.-, reikn. nr. 3486, dags. 23.4. 1981, með nafni Steinþórs Ásgeirssonar og framsali Sigurðar Steinþórssonar, seldur í veitingastofunni Aski, Laugavegi.

IV.

Tékkar á eyðublöðum, merktum aðalbanka Búnaðarbanka Íslands, dagsettir 3. apríl og notaðir í þeim mánuði:

1) Nr. 3009497, kr. 750.-, reikn. nr. 3816, með nafni Gunnars Péturssonar og framsali Sigurðar Odasonar (sic), seldir í versluninni Hagkaupum, Skeifunni 15.

2) Nr. 3009498, kr. 750.-, reikn. nr. 1984, með nafni Ásgeirs Ragnarssonar og framsali Árna Jónssonar, seldur í Matstofu Austurbæjar, Laugavegi 116.

3) Nr. 3009499, kr. 750.-, reikn. nr. 3163, með nafni Ragnars Gunnarssonar og framsali Ólafs Péturssonar, seldur Alþýðuleikhúsinu.

4) Nr. 3009500, kr. 800.-, reikn. nr. 4812, með nafni Sigurðar Péturssonar og framsali Odds Péturssonar, seldur í veitingastofunni Kránni, Laugavegi.

V.

Tékkar á eyðublöðum, merktum Verslunarbanka Íslands, Bankastræti 5, Reykjavík, dagsettir 18. apríl 1981, nema annars sé getið og notaðir í þeim mánuði:

1) Nr. 3199656, kr. 500.-, reikn. nr. 3841, með nafni Ragnars Péturssonar og framsali Berglindar Pétursdóttur, seldur í Kjötbúð S.S., Laugavegi 116.

2) Nr. 3199657, kr. 300.-, reikn. nr. 3816, með nafni Ásgeirs Ragnarssonar, seldur í versluninni Hjartarkjöri, Kaplaskjólsvégi 43.

3) Nr. 3199658, kr. 400.-, reikn. nr. 7-1226, með nafni Baldvins Ásgeirssonar, seldur í Neskjöri, Ægissíðu 123.

4) Nr. 3199660, kr. 400.-, reikn. nr. 7-1226, með nafni Baldvins Sigurðssonar og framsali Önnu Sigurðardóttur, seldur í versluninni Vestrinu, Garðastræti 2.

5) Nr. 3199661, kr. 300.-, reikn. nr. 7-1226, með nafni Ásgeirs Baldvinssonar og framsali Sigurðar Ásgeirssonar, seldur í söluturninum Hringnum, Kaplaskjólsvégi 1.

6) Nr. 3199662, kr. 200.-, reikn. nr. 7-1226, með nafni Gunnars

Sigurðssonar og framsali Þorsteins Péturssonar, seldur í söluturninum, Norðurbrún 2.

7) Nr. 3199664, kr. 250.-, reikn. nr. 7-1226, með sama nafni, greiðsla til B.S.R., Lækjargötu 4.

8) Nr. 3199667, kr. 450.-, reikn. nr. 7-1226, með nafni Ásgeirs Gunnarssonar og framsali Önnu Ásgeirsdóttur, seldur í söluturninum Sólvallagötu 74.

9) Nr. 3199668, kr. 400.-, reikn. nr. 7-1226, með nafni Steinþórs Gunnarssonar og framsali Önnu Sigþórsdóttur, seldur í Neskjöri, Ægissíðu 123.

10) Nr. 3199670, kr. 500.-, reikn. nr. 7-1226, dags. 19.4. 1981, með nafni Gunnars Baldvinssonar og framsali Ingu Baldvinsdóttur, seldur í veitingastaðnum Múlakaffi, Hallarmúla.

11) Nr. 3199672, kr. 450.-, reikn. nr. 5460, dags. 19.4. 1981, með nafni Guðlaugar Ingadóttur og framsali Guðjóns Ingvasonar, seldur í söluturninum Leirubakka.

12) Nr. 3199673, kr. 500.-, reikn. nr. 3460, dags. 19.4. 1981, með nafni Sigurðar Jónssonar og framsali Guðjóns Sigurðssonar, seldur í Bifreiðastöð Íslands, í Vatnsmýri.

13) Nr. 3199674, kr. 600.-, reikn. nr. 7-1226, dags. 19.4. 1983, með nafni Sigurðar Jónssonar og framsali Arnars Sigurðssonar, seldur í Söluturninum, Veltusundi 3.

14) Nr. 3199675, kr. 750.-, reikn. nr. 7-1226, dags. 20.4. 1981, með nafni Bryndísar Árnadóttur og framsali Þuríðar K. Árnadóttur, seldur í Söluturninum, Hverfisgötu 117.

VI.

Tékkar á eyðublöðum, merktum aðalbanka Búnaðarbanka Íslands, dagsettir 7. apríl 1981, nema annars sé getið, og notaðir í þeim mánuði:

1) Nr. 2955316, kr. 500.-, reikn. nr. 3092, með nafni Gunnars Ásgeirssonar og framsali Jónínu I. Samúelsdóttur, seldur í Matstofu Austurbæjar.

2) Nr. 2955317, kr. 500.-, reikn. nr. 3481, með nafni Péturs Gunnarssonar og framsali Ásdísar Pétursdóttur, seldur í Kjötþúð S.S., Laugavegi 116.

3) Nr. 2955320, kr. 500.-, reikn. nr. 2860, með nafni Bryndísar Árnadóttur og framsali Helgu Daniélsdóttur, seldur í söluturninum, Langholtsvegi 19.

4) Nr. 2955321, kr. 500.-, reikn. nr. 3014, með nafni Guðmundar Helgasonar og framsali Jóns Guðmundssonar, seldur í söluturninum, Njálsgötu 27.

5) Nr. 2955322, kr. 400.-, reikn. nr. 3092, með nafni Ásdísar Þorvaldsdóttur og framsali Páls Sigurðssonar, seldur í Matstofu Austurbæjar.

6) Nr. 2955323, kr. 400.-, reikn. nr. 3092, með nafni Gunnars Ásgerssonar (sic) og framsali Sigrúnar Gunnar (sic), seldur í Matstofu Austurbæjar.

7) Nr. 2955324, kr. 750.-, reikn. nr. 3028, dags. 9.4. 1981, með nafni Páls Gunnarssonar og framsali Þóru Pálsdóttur, seldur í Matstofu Austurbæjar.

8) Nr. 2955325, kr. 800.-, reikn. nr. 3470, dags. 9.4. 1981, með nafni Ásgeirs Gunnarssonar og framsali Þóru Ásgeirsdóttur, seldur í veitingastofunni Tommaborgurum, Grensásvegi.

VII.

Tékkar á eyðublöðum, merktum Samvinnubankanum, Suðurlandsbraut 18, Reykjavík, notaðir í aprílmánuði:

1) Nr. 7270319, kr. 500.-, reikn. nr. 3067, dags. 9.4. 1981, með nafni Jónínu Guðmundsdóttur, seldur í versluninni Herjólfli, Skipholti 70.

2) Nr. 7270321, kr. 400.-, reikn. nr. 3481, dags. ólæsileg, með nafni Péturs Gunnarssonar og framsali Draupnis Haukssonar, seldur í Landsbanka Íslands, Selfossi.

3) Nr. 7270322, kr. 900.-, reikn. nr. 4026, dags. 9.4. 1981, með nafni Gunnars Ásgeirssonar og framsali Finns Sigurðssonar, seldur í veitingastofunni Tommaborgurum, Grensásvegi.

4) Nr. 7270324, kr. 500.-, reikn. nr. 3490, dags. 10.4. 1981, með nafni Þórdísar Stefánsdóttur og framsali Þorhöllu Ágústsdóttur, seldur í verslun Jónasar, Hverfisgötu 71.

5) Nr. 7270325, kr. 600.-, reikn. nr. 3490, með nafni Þórdísar Stefánsdóttur og framsali Arnars Þórs Ármannssonar, seldur í Matstofu Austurbæjar.

B. Á hendur ákærðu RH, RS, F, Á, G og S í félagi við meðákærða Þorstein notað eða afhent til notkunar í lögskiptum þá af framangreindum tékkum, sem getið er við nafn hvers þeirra hér á eftir:

Ákærða RH fyrir tékka II, 3 og 6, III, 2-5, IV, 2, V, 4, 5, 13 og 14, VI, 1-3 og 5-8, VII, 4 og 5.

Ákærða RS fyrir tékka III, 4 og 5.

Ákærða F fyrir tékka I, 1-5, IV, 2, V, 5, VII, 3.

Ákærða Á fyrir tékka I, 2 og 4, V, 4, 5, 8, 9, VII, 3.

Ákærða S fyrir tékka V, 11, VI, 1, 3, 4 og 6.

Ákærða G fyrir tékka V, 7.

Þess er krafist, að ákærðu verði dæmdir til refsingar, til greiðslu skaðabóta og alls sakarkostnaðar.“

Samkvæmt sakavottorði ákærða Þorsteins Joensen hefur hann sætt kærnum og refsingum sem hér segir:

1982 í Færeyjum: Uppvís að brotum g. 244. gr. hgl., 1. mgr. 259. gr. hgl., 27. gr. umfl. Ákæru frestað skb. 2 ár frá 17/5 1982.

1982 22/12 í Reykjavík: Sátt, 10.000 kr. sekt f. brot g. 25. og 37. gr. umfl. Sviptur ökuleyfi 12 mán. frá 22/12 1982.

1983 11/4 í Reykjavík: Dómur: 45 daga fangelsi, skb. 2 ár, og 2000 kr. sekt f. brot g. 244. gr. hgl.

— — —

Málavextir eru þessir:

Ákærði Þorsteinn Joensen hefur hjá rannsóknarlögreglu og fyrir dómi á Eskifirði þann 23. nóvember 1983 viðurkennt að hafa notað eða afhent til notkunar í lögskiptum falsaða tékka á stolnum eyðublöðum, eins og í ákæru greinir:

— — —

I. kafli ákærunnar.

- — —
- 1) Ákærði Þorsteinn Joensen kvaðst ásamt meðákærða F og öðrum pilti hafa fengið stúlku til að falsa tékkann, sem þeir félagar komu síðan í verð og nutu andvirðis saman.
 - 2) Ákærði kvaðst ásamt meðákærðu F og Á og einum pilti til hafa notað tékkann, sem ákærði falsaði sjálfur.
 - 3) Ákærði kvaðst ásamt meðákærða F og öðrum pilti hafa notað tékkann, sem ákærði falsaði sjálfur.
 - 4) Ákærði kvaðst ásamt meðákærðu F og Á og einum pilti til hafa notað tékkann, sem ákærði falsaði sjálfur.
 - 5) Ákærði kvaðst ásamt meðákærða F og öðrum pilti hafa notað tékkann, sem ákærði falsaði sjálfur.
 - 6) Ákærði kvaðst hafa fengið stúlku til að falsa tékkann, en ásamt féлага sínum notað hann.
- — —

Samkvæmt þessu verður ákærði Þorsteinn Joensen dæmdur fyrir verknæði samkvæmt öllum liðum I. kafla ákærunnar..... Byggist

niðurstaðan á viðurkenningum ákærðu og öðrum sönnunargögnum.

Ákærðu hafa samþykkt skaðabótakröfur í I. kafla ákærðu og verða dæmdir til að greiða bætur sem hér greinir:

II. kafla ákærunnar.

1) Ákærði Þorsteinn Joensen neitar að hafa notað þennan tékka, en kveðst kannast við að hann hafi verið útfylltur af stúlku og síðan seldur af bróður hans í veitingastofunni Aski, en ákærði neitar ávinningshlutdeild og kveður bróður sinn hafa eytt ávinningi brotsins að fullu sjálfur. Ákærði kveðst hafa beðið stúlkuna um að útfylla tékkann og var viðstaddur, þegar hann var útfylltur.

2) Ákærði kveðst hafa ritað tölustafi á þennan tékka, en neitar að hafa notað hann og eigi notið nokkurs ávinnings af brotinu. Ákærði kveðst hafa verið viðstaddur, þegar þessi tékki var útfylltur, og kveðst hafa hvatt stúlku til þess að útfylla tékkann.

3) Ákærði kvaðst ásamt meðákærða RH hafa fengið stúlku til að koma tékkanum í verð, en ákærði viðurkennir að hafa ritað framhlið hans.

4) Ákærði kvaðst ásamt meðákærða RH og öðrum pilti hafa notað tékkann, sem ákærði falsaði sjálfur.

5) Ákærði kvaðst hafa ásamt bróður sínum notað tékkann, en ákærði falsaði hann sjálfur.

6) Ákærði kvaðst ásamt meðákærða RH hafa fengið stúlku til að falsa tékkann og aðra til að koma honum í verð.

Ákærði RH hefur viðurkennt þátttöku sína í verknuðum, sem lýst er í liðum 3 og 6 í þessum kafla ákærunnar.

Ákærði Þorsteinn Joensen hefur ekki viðurkennt fulla framkvæmd verknaða, sem lýst er í liðum 1 og 2. Hann þykir þó hafa staðið þannig að verki þar, að hann verði dæmdur fyrir þá sem og hina, sem hann hefur viðurkennt.

Með stoð í viðurkenningum ákærðu beggja og öðrum sakargögnum verður ákærði Þorsteinn Joensen dæmdur fyrir alla verknaði, sem lýst er í II. kafla ákærunnar, en ákærði, RH fyrir þá, sem lýst er í liðum 3 og 6.

Ákærði Þorsteinn Joensen hefur ekki samþykkt bótakröfur samkvæmt liðum 1, 2 og 5, en niðurstaða dómarans er, að honum beri að bæta fyrir öll brot sín, sem lýst er í liðum 1-6.

III. kafli ákærunnar.

1) Ákærði Þorsteinn Joensen kveðst hafa ritað á framhlið tékkans, en kveðst eigi vita, hver ritaði á bakhlið hans. Ákærði kveðst eigi vita til hvers þessi tékki var notaður né af hverjum. Ákærði neitar að hafa notið ávinnings af sölu tékkans.

2) Ákærði kvaðst ásamt meðákærðu RH og öðrum pilti hafa fengið stúlku til að falsa tékkann, sem þeir félagar síðan notuðu.

3) Ákærði kvaðst ásamt RH hafa notað tékkann, sem ákærði falsaði sjálfur, en RH framseldi.

4) Ákærði kvaðst ásamt meðákærðu RH og RS og einum pilti til hafa notað tékkann, sem RS falsaði.

5) Ákærði kvaðst ásamt meðákærðu RH og RS og einum pilti til hafa notað tékkann, sem RS falsaði.

Ákærði Þorsteinn Joensen hefur ekki viðurkennt fulla framkvæmd verknaðar, sem lýst er í lið 1, og neitað bótakröfu. Hann þykir þó hafa staðið svo að verki, að hann verði dæmdur samkvæmt ákærinni.

Með stöð í viðurkenningum ákærðu og öðrum sakargögnum þykja verknaðir þeirra í þessum kafli ákærunnar sannaðir, og verða þeir dæmdir samkvæmt því, ákærði Þorsteinn Joensen samkvæmt öllum liðum III. kafli ákærunnar, ákærði RH samkvæmt liðum 2-5 og ákærði RS samkvæmt liðum 4 og 5.

Ákærðu, sem hafa samþykkt bótakröfur samkvæmt III. kafli ákæru nema ákærði Þorsteinn Joensen samkvæmt lið 1, verða dæmdir til að greiða bætur sem hér segir, ákærði Þorsteinn Joensen einnig samkvæmt 1. lið:

IV. kafli ákærunnar.

1) Ákærði Þorsteinn Joensen kvaðst hafa ásamt félag sínum notað tékkann, sem ákærði falsaði sjálfur.

2) Ákærði kvaðst ásamt meðákærðu RH og F og einum félag þeirra hafa notað tékkann, sem ákærði falsaði sjálfur.

3) Ákærði kvaðst hafa ásamt félag sínum notað tékkann, sem ákærði falsaði sjálfur.

4) Ákærði kvaðst hafa falsað tékkann og fengið féлага sinn til að koma honum í verð.

— — —

Með stoð í viðurkenningum ákærðu þriggja, Þorsteins Joensen, F og RH og öðrum sakargögnum verða verknadir þeirra taldir sannadir og þeir dæmdir, ákærði Þorsteinn Joensen samkvæmt öllum 4 liðum ákærunnar, ákærðu F og RH samkvæmt 2. lið hennar.

Ákærðu hafa allir þrír samþykkt bótakröfur samkvæmt IV. kafla ákærunnar og verða dæmdir til að greiða þær eins og hér greinir:

— — —

V. kafli ákærunnar.

— — —

1) Ákærði, Þorsteinn Joensen kvaðst hafa fengið stúlku til að koma tékkanum í verð fyrir sig, en ákærði falsaði tékkann sjálfur.

2) Ákærði kvaðst hafa falsað tékkann og afhent bræðrum sínum, sem komu honum í verð.

3) Ákærði kvaðst hafa falsað tékkann og afhent bróður sínum, sem kom honum í verð.

4) Ákærði kvaðst ásamt meðákærða RH og Á hafa fengið stúlku til að framselja tékkann og koma í verð fyrir þá, en ákærði falsaði tékkann sjálfur.

5) Ákærði kvaðst ásamt meðákærðu RH, F og Á hafa séð um að koma tékkanum í verð, en ákærði falsaði tékkann sjálfur.

6) Ákærði kvaðst sjálfur hafa falsað tékkann og komið honum í verð.

7) Ákærði kvaðst ásamt meðákærða G hafa notað tékkann og hafi ákærði falsað hann.

8) Ákærði kvaðst ásamt meðákærða Á hafa notað tékkann en þeir fengu stúlku til að framselja hann fyrir sig og komu honum þannig í verð. Ákærði kvaðst hafa falsað tékkann sjálfur.

9) Ákærði kvaðst ásamt meðákærða Á hafa fengið stúlku til að framselja tékkann og koma í verð, en ákærði falsaði hann sjálfur.

10) Ákærði kvaðst hafa falsað tékkann, en kveðst ekkert vita um framsal hans og kveðst ekki kannast við rithöndina aftan á tékkanum. Ákærði kveðst eigi hafa notið ágóða af sölu tékkans.

11) Ákærði kveður S hafa falsað þennan tékka og kveðst hafa afhent S eyðublaðið, en minnst þess ekki, hvort S óskaði eftir því að fá tékka-eyðublaðið eða hvort ákærði bauð S það. Ákærði neitar því staðfastlega, að hafa átt nokkurn þátt í því að koma tékkanum í verð.

12) Ákærði kvaðst hafa fengið féлага sína til að falsa tékkann og koma í verð fyrir sig, þannig að ákærði naut hluta af andvirðinu sjálfur.

13) Ákærði kvaðst ásamt meðákærða RH hafa fengið féлага þeirra til að falsa tékkann, en ákærði framseldi hann og naut andvirðis hans ásamt RH.

14) Ákærði kvaðst ásamt RH hafa fengið tékkann falsaðan og þeir fengið stúlku til að koma honum í verð.

— — —

Ákærði Þorsteinn Joensen hefur neitað nokkurri þátttöku í verknaði samkvæmt lið 11, og verður hann sýknaður af því broti. Hann verður dæmdur samkvæmt öðrum liðum þessa kafla ákærunnar. Þykja verknaðir hans allir vera fullframin brot.

Með stoð í viðurkenningum þessara sex ákærðu á verknuðum þeirra, sem lýst er í V. kafla ákærunnar, svo og öðrum sakargögnum verða verknaðir þeirra taldir sannaðir og þeir dæmdir, ákærði Þorsteinn Joensen samkvæmt öllum liðum nema 11. lið, ákærði Á samkvæmt liðum 4, 5, 8. og 9, ákærði F samkvæmt 5. lið, ákærði G samkvæmt 7. lið, ákærði RH samkvæmt liðum 4, 5, 13 og 14 og ákærði S samkvæmt 11. lið.

Ákærðu hafa samþykkt bótakröfur samkvæmt V. kafla ákærunnar, nema ákærði Þorsteinn Joensen hefur neitað bótakröfum vegna verknaða, sem lýst er í liðum 1-4 og 7-11. Hann verður þó dæmdur til að greiða kröfur samkvæmt öllum liðum nema 11, en hann er sýknaður af þeim verknaði.

Ákærðu greiði skaðabætur sem hér segir:

— — —

VI. kafli ákærunnar.

— — —

1) Ákærði Þorsteinn Joensen kvað meðákærða S hafa falsað tékkann, en þeir síðan ásamt meðákærða RH fengið stúlku til að koma honum í verð fyrir sig.

2) Ákærði kvaðst hafa falsað tékkann og ásamt meðákærðu RH og F hafa fengið stúlku til að koma honum í verð.

3) Ákærði kvað meðákærða S hafa falsað tékkann og þeir ásamt meðákærða RH fengið stúlku til að koma honum í verð.

4) Ákærði kvaðst hafa falsað tékkann og komið í verð í félagi við meðákærða S.

5) Ákærði kvaðst hafa fengið stúlku til að falsa tékkann, sem ákærði lét síðan af hendi. Tékkinn var svo notaður í Matstofu Austurbæjar.

6) Ákærði kvað meðákærða S hafa falsað tékkann, en þeir ásamt meðákærða RH fengið stúlku til að koma honum í verð.

7) Ákærði kvaðst hafa fengið tékkann falsaðan fyrir sig og ásamt meðákærða RH fengið stúlku til að koma honum í verð fyrir sig.

8) Ákærði kvaðst hafa falsað tékkann og þeir meðákærði RH fengið stúlku til að koma honum í verð fyrir sig.

— — —

Með stoð í viðurkenningum þessara þriggja ákærðu á verknuðum þeirra, sem lýst er í VI. kafla ákærunnar og öðrum sakargögnum, verða verknaðir þeirra taldir sannaðir og þeir dæmdir, ákærði Þorsteinn Joensen samkvæmt öllum átta liðunum, ákærði R samkvæmt liðum 1-3 og 6-8 og ákærði S samkvæmt liðum 1, 3, 4 og 6.

Ákærðu hafa samþykkt bótakröfur samkvæmt VI. kafla ákærunnar, nema ákærðu Þorsteinn Joensen og RH hafa hafnað bótakröfu samkvæmt lið 5. Ákærði RH er sýknaður af því broti og verður því eigi dæmdur til bóta. Ákærði Þorsteinn Joensen verður hins vegar dæmdur til greiðslu bótakröfu samkvæmt lið 5. Ákærðu greiði skaðabætur sem hér segir:

— — —

VII. kafla ákærunnar.

1) Ákærði Þorsteinn Joensen kannast við að hafa gefið tékkaeyðublaðið, en viti ekki frekar um, hvernig það var notað.

2) Ákærði kveðst vilja leiðrétta framburð sinn fyrir RLR á skjali 6, bls. 3, dags. 30.04.81. Ákærði kannast við að hafa útfyllt framhlið tékkans að öllu leyti sjálfur. Ákærði kveður tékkann hafa rifnað við að velkjast í vasa sínum. Ákærði kveður stúlku, sem var í slagtogi með einverjum pilti, sem ákærði telur, að hafi verið frá Selfossi, hafa hvatt piltinn til að kaupa tékkann af ákærða, en ákærði kveðst hafa tjáð þeim, að hann gæti hvergi skipt tékkanum, þar sem hann væri rifinn og bankar væru lokaðir. Ákærði kveður strákinn hafa greitt sér andvirði falsaða tékkans og kveðst eigi vita frekar um, hvað varð um tékkann.

3) Ákærði kvaðst hafa falsað tékkann að beiðni meðákærðu F, Á og S, svo og var D með þeim en ákærði kveðst eigi hafa greint frá honum í skýrslu RLR. Ákærði kveður meðákærðu hafa haldið á brott með tékkann og komið honum í verð og hafi ákærði eigi notið góðs af sölu tékkans.

4) Ákærði kvaðst ásamt meðákærða RH hafa fengið stúlku til að falsa tékkann og aðra til að koma honum í verð fyrir þá.

5) Ákærði kveðst ekki muna, hver skrifaði á framhlið tékkans, og getur eigi munað, hvort það var gert að hans ósk. Ákærði kveður B hafa selt tékkann fyrir sig.

— — —

Ákærði Þorsteinn Joensen hefur viðurkennt verknaði samkvæmt öllum liðum VII. kafla nema 1. lið. Hann verður sýknaður af broti, sem þar er lýst, en dæmdur samkvæmt öðrum liðum þessa kafla ákærunnar.

Með stoð í viðurkenningum þessara fjögurra ákærðu á verknuðum þeirra, sem lýst er í VII. kafla ákærunnar, svo og öðrum sakargögnum verða verknaðir þeirra taldir sannaðir og þeir dæmdir, ákærði Þorsteinn Joensen samkvæmt öllum liðum nema 1. lið, ákærði Á samkvæmt 3. lið, ákærði F samkvæmt 3. lið og ákærði RH samkvæmt 4. lið.

Ákærðu hafa samþykkt bótakröfur samkvæmt VII. kafla ákærunnar, nema ládst hefur að bera bótakröfu samkvæmt lið 2 undir ákærða Þorstein Joensen, þegar hann játaði brot sitt fyrir dómi. Hann er sýknaður af broti, sem lýst er í lið 1, og verður hann þá sýknaður af bótakröfum samkvæmt liðum 1-2.

— — —

Niðurstöður.

Ákærðu verða dæmdir fyrir öll þau brot, sem hér að framan hafa verið talin sönnuð. Öll varða þau við 1. mgr. 155. gr. almennra hegningarlaga eins og réttilega er ákært.

Ákærði Þorsteinn Joensen var þann 11. apríl 1983 dæmdur í 45 daga fangelsi, skilorðsbundið í 2 ár. Verður sá dómur tekinn upp og honum ákveðin refsing í einu lagi með hliðsjón af 78. gr. og stoð í 60. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940. Þykir refsing hans hæfileg fangelsi í 7 mánuði. Frá refsingunni dregst gæsluvarðhaldstími 20 dagar. Rétt þykir að binda 4 mánuði af henni almennu skilorði 57. gr. almennra hegningarlaga í 2 ár frá dómsuppkvaðningu, þannig að gerist ákærði Þorsteinn ekki sekur um nýtt brot á þeim tíma, fellur þessi hluti refsingar niður. Ákærði verður jafnframt dæmdur til greiðslu sektar kr. 10.000,00, sem greiðist innan 4 vikna frá dómsbirtingu, en í stað hennar kemur, verði hún eigi greidd, fangelsi í 10 daga.

— — —

Loks ber að dæma ákærðu til greiðslu sakarkostnaðar, og þykir rétt, að þeir greiði hann óskipt.

D ó m s o r ð:

Ákærðu sæti fangelsi sem hér greinir:

Ákærði Þorsteinn Joensen í 7 mánuði og ákærði RH í 6 mánuði.

Frá refsingu hvors um sig dragast 20 dagar.

Ákærði F í 6 mánuði.

Ákærðu Á og S hvor um sig í 30 daga.

Ákærði G, í 5 mánuði.

Fullnustu refsinga eða hluta af refsingum skal fresta sem hér segir, haldi ákærðu almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga í 2 ár frá dómsuppkvaðningu, og fellur þá sá refsingartími niður:

Af refsingu ákærða Þorsteins Joensen 4 mánuðir og ákærða RH 5 mánuðir.

Refsing annarra ákærðu í heild sinni, þ.e. 6 mánuðir hjá F, 30 dagar hjá Á og S og 5 mánuðir hjá G.

Ákærðu greiði sektir í ríkissjóð innan 4 vikna frá dómsbirtingu, og kemur fangelsi í stað sektar, verði hún eigi greidd:

Ákærðu, Þorsteinn Joensen og RS hvor um sig kr. 10.000,00, og eru 10 dagar til vara hjá hvorum um sig.

Ákærðu aðrir greiði kr. 5.000,00, en til vara eru 5 dagar hjá hverjum um sig.

Ákærðu greiði skaðabætur sem hér segir:

I. Ákærði Þorsteinn Joensen greiði eftirtöldum: Borgarís, Laugalæk 6, kr. 150,00 auk dráttarvaxta frá 27.03. 1981 til greiðsludags. Sláturfélagi Suðurlands kr. 385,00 auk dráttarvaxta frá 27.03. 1981 til greiðsludags. Veitingastofunni Aski við Suðurlandsbraut kr. 500,00. Hummelbúðinni, Ármúla 38, kr. 500,00. Sportvali, Laugavegi 116, kr. 333,00. Söluturninum Síðumúla 17, kr. 400,00 auk dráttarvaxta frá 24.04. 1981 til greiðsludags. Söluturninum Sólvallagötu 74, kr. 500,00 Versluninni Hagkaupum, Skeifunni 15, kr. 750,00. Alþýðuleikhúsinu kr. 750,00. Veitingastofunni Kránni við Laugaveg kr. 800,00. Verslun Sláturfélags Suðurlands, Laugavegi 116, kr. 500,00 auk dráttarvaxta frá 21.04. 1981 til greiðsludags. Hjartarkjöri, Kaplaskjólsvégi 43, kr. 300,00. Neskjöri, Ægissíðu 123, kr. 300,00. Magnúsi St. Danielssyni f.h. söluturnsins Norðurbrún 2, kr. 200,00. Stefáni Ólafssyni f.h. Múlakaffi kr. 500,00. Bifreiðastöð Íslands kr. 250,00. Matstofu Austurbæjar hf. kr. 400,00 auk dráttarvaxta frá 08.04. 1981 til greiðsludags. Matstofu Austurbæjar kr. 600,00 auk dráttarvaxta frá 13.04. 1981 til greiðsludags.

II. Ákærði S greiði Magnúsi Kjartanssyni f.h. söluturnsins Leirubakka kr. 450,00.

III. Ákærðu Þorsteinn Joensen og Á greiði eftirtöldum skaðabætur óskipt:

Thulin Johansen kr. 300,00. Pálma Karlssyni f.h. söluturnsins Sólvallagötu 74, kr. 450,00. Verslunin Neskjör, Ægissíðu 123, kr. 400,00

IV. Ákærðu Þorsteinn Joensen og F greiði eftirtöldum skaðabætur óskipt:

Sláturfélagi Suðurlands kr. 500,00 auk dráttarvaxta frá 27.03. 1981 til greiðsludags. Ásgeiri Hannesi Eirikssyni kr. 150,00.

V. Ákærðu Þorsteinn Joensen og G greiði óskipt skaðabætur til B.S.R., Lækjargötu 4, kr. 250,00.

VI. Ákærðu Þorsteinn Joensen og RH greiði eftirtöldum skaðabætur óskipt:

Laugavegsbúðinni, Laugavegi 82, kr. 600,00. Hverfisbúðinni, Hverfisgötu 50, kr. 500,00. Matstofu Austurbæjar hf., Laugavegi 116, kr. 330,00 auk dráttarvaxta frá 23.04 1981 til greiðsludags. Veitingastofunni Askí, Suðurlandsbraut, kr. 300,00. Árna Kristjánssyni f.h. söluturnsins Veltusundi 3, kr. 600,00 auk dráttarvaxta frá 21.04. 1981 til greiðsludags. Gísli Halldórssyni f.h. söluturnsins Hverfisgötu 117, kr. 750,00 auk dráttarvaxta frá 21.04. 1981 til greiðsludags.

Kjörbúð Sláturfélags Suðurlands, Laugavegi 116, kr. 500,00 auk dráttarvaxta frá 09.04. 1981 til greiðsludags. Sigurði Guðjónssyni f.h. söluturnsins Langholtsvegi 19, kr. 400,00 auk dráttarvaxta frá 13.04. 1981 til greiðsludags.

Matstofu Austurbæjar hf. kr. 750,00 auk dráttarvaxta frá 09.04. 1981 til greiðsludags. Tommaborgurum, Grensásvegi, kr. 800,00. Verslun Jónasar, Hverfisgötu 71, kr. 500,00 auk dráttarvaxta frá 13.04. 1981 til greiðsludags.

VII. Ákærðu, Þorsteinn Joensen og S greiði óskipt skaðabætur Söluturninum Njálsgötu 27, kr. 500,00.

VIII. Ákærðu Þorsteinn Joensen, Á og F greiði eftirtöldum skaðabætur óskipt:

Elínu Þórhallsdóttur f.h. söluturnsins, Vesturgötu 53, kr. 300,00. Tommaborgurum, Grensásvegi, kr. 900,00.

IX. Ákærðu Þorsteinn Joensen, Á og RH greiði versluninni Vestriinu, Garðastræti, skaðabætur óskipt kr. 400,00.

X. Ákærðu Þorsteinn Joensen, F og RH greiði óskipt skaðabætur til Matstofu Austurbæjar hf., Laugavegi 116, kr. 750,00 auk dráttarvaxta frá 06.04. 1981 til greiðsludags.

XI. Ákærðu Þorsteinn Joensen RH og RS greiði óskipt skaðabætur eftirtöldum:

Steinunni A. Guðmundsdóttur f.h. söluturnsins, Barónstíg 27, kr. 375,00. Veitingastofunni Askí, Laugavegi 28B, kr. 375,00.

XII. Ákærðu Þorsteinn Joensen, RH og S greiði óskipt skaðabætur eftirtöldum:

Matstofu Austurbæjar hf. samtals kr. 900,00 auk dráttarvaxta af þeirri upphæð frá 08.04. 1981 til greiðsludags.

XIII. Ákærðu Þorsteinn Joensen, Á, F og RH greiði óskipt skaðabætur kr. 300,00 söluturninum Hringnum, Kaplaskjólsvégi 1.

Ákærðu greiði allan sakarkostnað óskipt.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Föstudaginn 29. mars 1985.

Nr. 11/1985. **Valdstjórnin**

(Þórður Björnsson ríkissaksóknari)

gegn

A

(Jón Hjaltason hrl.)

Sjálfræðissvipting. Dómstólar. Frávisun.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Guðmundur Jónsson, Guðmundur Skaftason, Halldór Þorbjörnsson og Sigurgeir Jónsson.

Málinu var að ósk varnaraðilja skotið til Hæstaréttar með stefnu 3. janúar 1985.

Af hálfu ríkissaksóknara var þess upphaflega krafist, að héraðsdómur yrði staðfestur, en við flutning málsins fyrir Hæstarétti voru þær kröfur gerðar, að sjálfræðissvipting sú, sem varnaraðilja var gert að sæta með hinum áfrýjaða dómi, yrði úr gildi felld vegna breyttra aðstæðna og haga varnaraðilja og kostnaður vegna málsins greiddur úr ríkissjóði.

Af hálfu varnaraðilja er þess krafist „að hinn áfrýjaði dómur verði ómerkur, dómfellda verði sýknuð af öllum kröfum valdstjórnarinnar um sjálfræðissviptingu og henni fengið sjálfræði að nýju“ svo og að þóknun skipaðs talsmanns hennar verði greidd úr ríkissjóði.

Samkvæmt hjónavígsluvottorði borgardómaraembættisins í Reykjavík, sem lagt hefur verið fyrir Hæstarétt, gekk varnaraðili